

Afgreiðsla

Kvittanir samræmdar

Saga 2019.1

Árum saman hefur það verið vandamál að margir voru með séraðlagaðar kvittanir fyrir sína tegund kvittanahauss og jafnvel fleiri atriða á kvittuninni sjálfri. M.a. gátum við ekki með góðu móti brugðist við texta í fæti kvittunar í takti við breytingar á greiðsluþátttöku SÍ. Þetta hefur lengi staðið til að samræma og nú hefur það loksins gengið eftir.

Héðan í frá er einungis boðið upp á annaðhvort A4 kvittun eða A5 kvittun og allar sérútgáfur kvittana eru úr sögunni frá og með þessari útgáfu. Við teljum okkur hafa náð að fara yfir flestar þær kvittanir sem okkur grunaði að væru eitthvað öðruvísi, en það gæti þó þurft að yfirfara stillingar á hausum hjá einhverjum, m.t.t. fyrirtækjamerkis, nafns, aðseturs o.s.frv., Vonandi er það þó undantekning frekar en regla, en hafið endilega samband við þjónustudeild heilbrigðislausna ef þið viljið yfirfara eitthvað eða taka í notkun A5 kvittun fyrir A4 eða öfugt.

Breytingar á kvittunum

Við samræmingu A4 og A5 kvittananna voru eftirfarandi atriði yfirfarin:

- **Síðufótur** sem innihélt áður **texta frá TR og síðar SÍ** um að geyma kvittanir af því að uppsafnaður kostnaður gæti lækkað framtíðarþjónustugjöld er ekki lengur óbreytanlegur í kvittuninni sjálfri - heldur er textinn nú **stillanlegur eftir stofnun í gagnagrunni**, sem er svo sóttur í kvittanaskrána.
- **Uppröðun** á atriðum í **upplýsingaramma í kvittunarhaus** hefur verið samræmdur milli A4 og A5 kvittana. **Textaumbrot á gjaldflokki** er nú einnig eðlilegt, þannig að ekki klippist framan af heiti gjaldflokks. Þeir lengdust margir hverjir þegar farið var t.d. að skipta öldruðum upp í aldurshópa og börn undir tveggja ára aldri fengu sinn eigin gjaldflokk o.s.frv. **Prentað af** var líka tekið út þar sem athugasemdir höfðu borist um að þetta væru óþarfa upplýsingar og jafnvel óviðeigandi þar sem ekki á að skipta máli hver afgreiðir og prentar út kvittun.
- **Textaumbrot gjaldaliða** hefur nú einnig verið tryggt þannig að ekki klippist aftan af heitum þeirra í sundurliðun. Þetta var um tíma hægt og var háð stilligildi, en breyting á kerfishögun fyrir nokkrum árum þýddi að þetta var ekki lengur hægt. Nú hefur textaumbrotið verið fest þannig að texti umbrýst alltaf.
- **Einingaverð, afsláttur, fjöldi og annað sem gat komið fram á reikningi með aukastöfum hefur verið yfirfarið** og ætti nú allt að sjást - nema upphæðir. Þær standa alltaf á heilum krónum og hefur þá farið fram afrúnnun þar sem aurar eru teknir út úr myndinni. *Sjá næsta lið.*
- **Krónumismunur hefur verið lagaður eftir bestu getu.** Málið er að afrúnnun á upphæðum fer yfirleitt fram með svokallaðri „bankafrúnnun“, sem þýðir að upphæð sem stendur akkúrat á hálfri krónu námundast að næstu sléttu krónutölu hvort sem það er upp eða niður. Þetta er einnig það sem hefur valdið krónuskekkju á kvittunum í gegnum tíðina því Saga fylgdi þessari reiknireglu (sjálfgefin hegðun í forritunarumhverfinu) á meðan þurfti að yfirfara kvittanaskrárnar og útfæra þetta handvirkt. Það hefur sumsé verið gert og er þá vonandi misræmi á skjá og á kvittun úr sögunni, sem og misræmi í sundurliðun á kvittunum.
- **Fyrirsögn „Afgreiðsluseðill nr.“ hefur verið breytt í „Reikningur nr.“** í haus R-kvittana (afgreiðsluseðla) því kvartanir höfðu borist út af því að orðalag á reikningi sem ætti að greiða

annars staðar ætti ekki að vera „afgreiðsluseðill“. Þessu hefur því verið breytt á kvittununum, en ATH. þetta orðalag er enn notað í afgreiðslukerfinu og víðar. Héðan í frá er því R-kvittun - eða afgreiðsluseðill - orðin að reikningi.

- **Orðalagi fyrir „hluta sjúklings“ var breytt í „hluti einstaklings“** enda er Saga í notkun á töluvert fjölbreyttari stöðum en áður þegar kvittanir komu til sögunnar. Ekki er alltaf um „sjúklinga“ að ræða, heldur fólk sem sækir þjónustu.
- **Upphæðir þeirra gjaldaliða sem notaðar eru til útreikninga á því sem einstaklingur skal greiða eru nú feitletraðar** þannig að skýrara sé í sundurliðun hvað heildarupphæð tilheyrir. Annað er þá sundurliðun eða útlitun á gjaldaliðum sem aðrar stofnanir greiða. (SÍ / stofnun sjálf skuldfærð / skuldfært á öldrunarheimili o.s.frv.)
- Síðast en ekki síst þá náðist að **hraða prentun kvittana**. Eitt af því sem hefur þar áhrif er ef lógó fyrir afgreiðsludeild er til staðar í gagnagrunninum og er í stærri kantinum. Nú er það lógó einungis sótt ef stilling stofnunar segir að nota skuli það frekar en fyrirtækismerki stofnunar (sbr. stillingar á hausum kvittana). Þjónustudeild getur leiðbeint með þetta, en reynandi er að minnka upplausn á fyrirtækismerkinu og vista það aftur í grunninn ef þetta er viðvarandi vandamál einhvers staðar.

Með kveðju

Origo Heilbrigðislausnir